

„Mary Johnson“ var ekki stofnað í neina hættu með björguninni, sem var innfjarða, tók tiltölulega mjög stuttan tíma, og var ekki sjerlega vandasöm, svo og verðmætis hins bjargaða, þykja björgunarlaunin nægilega hátt sett 10 þúsund krónur með vöxtum, eins og krafist hefir verið, þar eð vaxtahæðinni hefir ekki verið mót-mælt sjerstaklega og ber því að dæma stefndan til að greiða stefndum þá upphæð, og eftir öllum atvikum 100 krónur upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 12. desbr. 1923.

Nr. 29/1923.

Jóhann Eyjólfsson

(M. Guðmundsson)

gegn

Hirti A. Fjeldsted

(Pjetur Magnússon),

útaf kröfu stefnda um bætur fyrir skemdir á mótor-bát og leigu fyrir hann.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 20. jan. 1923:
Stefndur, Jóhann Eyjólfsson, greiði stefnandanum, Hirti A. Fjeldsted, kr. 625,00 með 5 % ársvöxtum frá 10. febrúar f. á. til greiðslu-dags og 50 krónur upp í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt flutningi málsins hjer fyrir rjettin-um og eftir atvikum þykir mega ákveða bæturn-ar fyrir skemdir á kjöl hins umrædda mótorbáts 75 krónur og ber því að draga 50 kr. frá dóms-upphæðinni.

Að öðru leyti ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta sjórjettardóminn af ástæðum þeim, sem þar eru tilgreindar.

Eftir atvikum þykir rjett, að málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður, en að áfrýjandi greiði stefnda 100 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Jóhann Eyjólfsson, greiði stefnda Hirti A. Fjeldsted 575 kr. með 5 % vöxtum frá 10. febr. f. á. til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður, en áfrýjandi greiði stefnanda 100 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 14. desember 1921 leigði stefnandinn í þessu máli, Hjörtur A. Fjeldsted hjer í bænum, stefndum í málinu Jóhanni Eyjólfssyni frá Brautarholti, m/b. „Málmey“ R.E. 182, til vöruflutninga upp í Hvalfjörð og átti stefndur að leggja til bátshöfn á bátinn og oliu. Lagði báturinn á stað samdægurs og lá við Akranes um nóttina. Næsta dag var farið inn á Hvalfjörð og bátnum lagt um nóttina í svonefndum Hvammsós með vörum í en bátshöfnin var í landi. Var bátnum lagt svo nærri landi að hann stóð á grunni um fjöruna, kom þá gat á stjórnborðssíðu bátsins framan til og kjölurinn skemdist. Hingað kom báturinn aftur 19. desember 1921. Fjekk stefnandi þá dómkvadda 2 menn til að meta skemdirnar á bátnum og möttu þeir skaðann á 1020 krónur. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta gegn stefndum fyrir sjórjettinum og hefir krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer matsupphæðina, kr. 1020,00, kostnað við matið o. fl. kr. 99,50 og leigu fyrir bátinn meðan hann var í ferðinni og þangað til viðgjörðinni var lokið 9. janúar f. á. kr. 720,00, samtals kr. 1839,50 ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 10. s. m. til greiðsludags og kr. 211,37 í málskostnað.

Stefndur hefir krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaður hjá honum eftir mati rjettarins.

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndur á því, að báturinn hafi verið í svo slæmu standi, að hann hafi ekki verið leigufær og hafi það orðið orsökina til bilunarinnar.

Það er nú upplýst í málinu, að báturinn var illa útbúinn. Á hann vantaði bæði ljóskeið og leidarstein og koplingin í vjelinni bilaði rjett eftir að lagt var á stað hjeðan, en hinsvegar verður báturinn ekki talinn óleigufær, þótt tillit verði að taka til útbúnaðar hans, er ákveða skal leigu fyrir hann.

Það verður nú að telja misráðið, ef ekki óverjandi, að báturinn var hina umræddu nótt látinn vera mannláus með vörum í svo nálægt landi í Hvammsós, að vitanlegt var að hann mundi standa um fjöruna og verður stefndur, sem hafði bátinn á leigu og hafði ráðið formann á bátinn, að bæta stefnanda tjón það, er hann beið við það.

Það er upplýst í málinu, að stefndur var hvorki aðvaraður er hinir dómkvöddu menn voru útnefndir nje þegar þeir skoðuðu skemdirnar og framkvæmdu matsgjörðina og er, matið þá ekki bindandi fyrir hann.

Það er enn fremur upplýst í málinu, að stefnandi kom bátnum ekki í aðgerð fyrri en 27. desember 1921 og að aðgerðinni var lokið 3. janúar 1922 og að hún kostaði ekki nema 300 krónur. Var í þeirri upphæð innifalinn kostnaður við að draga bátinn á land og aðgjörðin á brotinu á stjórnborðshlið bátsins, en þann kostnað höfðu matsmennirnir metið á samtals 770 krónur. Hinsvegar náði aðgjörð þessi ekki til skemdarinnar á kjölum, er matsmennirnir höfðu metið á 250 krónur.

Það verður nú að dæma stefndan til að endurgjalda stefnanda þær 300 krónur, er viðgjörðin á bátnum kostaði hann, svo og fyrir skemdina á kjölum, sem þó ekki verður sjeð að stefnandi hafi látið bæta áður en hann fór að nota bátinn aftur, og þykir upphæðin til þess hæfilega ákveðin 125 krónur eftir upplýsingum þeim, er liggja fyrir í málinu. Enn fremur verður að dæma stefndan til að greiða stefnanda hæfilega leigu fyrir bátinn fyrir þá 6 daga, sem hann var í Hvalfjarðarferðinni og fyrir þá 8 daga, sem aðgjörðin stóð yfir. Þykir leigan fyrir hina fyrnefndu daga hæfilega sett 20 krónur á dag en fyrir hina síðarnefndu 10 krónur á dag eins og stefnandi áskildi sjer hjá manni þeim, er hann kom bátnum til aðgjörðar hjá, fyrir hvern þann dag,

er aðgerðin drægist fram yfir umsamdan aðgerðartíma og verða það þá 200 krónur sem stefndanda bera í leigu eftir bátinn.

Matskostnaðurinn verður að teljast stefndum óviðkomandi úr því að hann var hvorki aðvaraður um að vera við útnefningu matsmannanna nje mat þeirra, enda er sá kostnaður venjulega innifalinn í matsupphæðinni. Af hinu öðru, sem stefnandi telur í stefnunni til matskostnaðar, er kostnaður við sjóferðaprófið, málskostnaður og um steinolíu þá, sem krafist er 27 króna fyrir, er ekki sannað í málinu að hún hafi verið notuð í þarfir stefnda.

Eftir framansögðu verður stefndur dæmdur til að greiða stefnanda 300 krónur, 125 krónur, 200 krónur eða samtals kr. 625,00 með 5% ársvöxtum frá 10. tóbúar f. á. til greiðsludags og eftir þeim úrslitum þykir enn fremur rjett að dæma hann til að greiða stefnanda 50 krónur upp í málskostnað.

Mánudaginn 17. desbr. 1923.

Nr. 40/1923.

Guðbjörg Þórdís Jensdóttir

(Björn P. Kalman)

gegn

Kristjáni Sumarliðasyni.

(Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 20. maí 1922: Svo framarlega sem Kristján Sumarliðason, sjómaður í Bolungavík vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki átt holdlegt samræði við stúlkuna Guðbjörgu Þórdísi Jensdóttur í Bolungavík á þeim tíma, að hann geti verið faðir að meybarni því, er hún ól 4. mars þ. á. sje hann sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann teljast faðir barnsins.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.